


Afstöðumynd, mkv. 1:500




SNIÐ A-A, mkv. 1:100




SNIÐ B-B, mkv. 1:100

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnar Páll Kristinsson
Kt. 2606653679
Dags. 2.10.2024 13:19:05
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 2.10.2024 13:38:03
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 02.10.2024.

## Byggingarlýsing:

**Notkun:**
Byggingin er frístundahús í orlofsbyggð stéttarfélagsins Sameykis.

**Lýsing:**
Byggingin er hefðbundin einnar hæðar timburbygging á steyptum sökkli og plötu.

**Byggingarefni / burðarvirki:**
Sökklar og botnplata eru staðsteypt á þjappaðri fyllingu með 100 mm plasteinangrun undir botnplötu.
Burðarvirki byggingar er timburgrind í útveggjum og hluta innveggja.
Stálvirki er í þaki ásamt hefðbundnum timbursperrum.

**Þök:**
Þök byggingar er tvennskonar og með mismunandi frágangi. Hærra þakið er með 45° halla og byggt upp með 45x220 mm timbursperrum en stálbiti er í mæni ásamt stálgrind-/virki til beggja hliða. Einangrað er með 220 mm steinull, þá gisin borðaklæðning, gufuopinn dúkur, tvöfaldar timburlektur og klætt með álklæðningu (samskonar og á útveggjum). Loftað er frá þaki við útveggi með loftrásum á langhlið og göflum.
Lægra þakið er með 3° halla og byggt upp með 45x200 mm timbursperrum. Einangrað er með 200 mm steinull með vindvörn og 25 mm loftunarbili, þá 45x70 mm lektur undir 19 mm vatnsvarinn krossvið sem klæddur er með tveimur lögum af ábræddum þakpappa, síðan tvöfaldar timburlektur og klætt með álklæðningu (samskonar og á útveggjum). Loftað er frá þaki með loftunarrörum gegnum útvegg á langhliðum og göflum.

**Útveggir:**
Útveggir byggingar eru úr 145 mm timburgrind, einangraðir með 150 mm steinullareinangrun og lokaðir með 9 mm WBP rakaþolnum krossviði að utanverðu.
Að utanverðu eru utanhússklæðningar úr áli og timbri. Hluti útveggja er klæddur með 1,0-1,2 mm beygðri álklæðningu (stuðlar) á tvöfalda loftunargrind.
Álklæðningin liggur lóðrétt með innbrenndum brons lit. Litanúmer: sjá sérteikningar arkitekta.
Að auki er hluti húss klæddur með lóðréttri bandsagaðri timburklæðningu úr misbreiðum borðum í fjórum breiddum sem litast með svartri viðavörn.

**Einangrun:**
Einangrun upphitaðra rýma er miðuð við ákvæði byggingareglugerðar um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og að vegið meðaltal U-gildis útveggja verði uppfyllt. Kólnunartölur einstakra byggingarhluta skulu því ekki yfirstíga hæstu leyfilegu U-gildi uppgefin í byggingarreglugerð. Byggingin stenst því reglugerð um varmatap einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildis útveggja - sjá niðurstöður útreikninga vegna varmataps á sömu bls.
Sökklar og botnplata eru einangruð með 100 mm frauðplasteinangrun (pólýstýren) (U gildi: 0,3 W/m²).
Útveggir húss eru einangraðir með 150 mm steinull (veggjaull) innan í timburgrind og klæddir með utanhússklæðningu.
Bæði timburþök húss eru einangruð með 200-220 mm steinullareinangrun ýmist með vindvörn eða ekki.
Kólnunartölur og einangrun einstakra byggingahluta skulu uppfyllt samkvæmt ÍST 66.

**Gluggar, hurðir og gler:**
Gluggar verða álklæddir timburgluggar.
Allir gluggar og hurðir skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi og vottaðar af NMÍ.
Gler verður hefðbundið tvöfalt K-einangrunargler (U-gildi 2,0 W/m²) en sólstopp gler á suð- og vestlægum hliðum byggingar.
Allt gler verði í samræmi við byggingareglugerð, kafli 8.5 og 12.4 og leiðbeiningarblað Rb 31.121.1 um glergerðir í íbúðarhúsum s.s. varðandi öryggisgler í gólfsíðum gluggum. Þar sem gler í gluggum eða hurðum er nær gólfi / jarðvegi en 0,6 m skal vera hert- /öryggisgler. Þar sem fallhætta er til staðar skal vera öryggisgler.
Hurðir eru úr timbri í samræmi við ÍST 40. Litur glugga og hurða er svartur.

**Innveggir og innanhússfrágangur:**
Léttir innveggir eru um 10 sm þykkir og úr málmgrind, fylltir steinull og klæddir einfaldri klæðningu af Fermacell 12,5 mm innveggjaplötum, sandspartlaðir og máláðir. Veggir í votrýmum (baðherbergi, geymslu og tæknirými) frágegnar með sömu klæðningu þar sem plöturnar eru rakavarðar. Á baðherbergi komi dúkur eða flísar á veggi en á gólf komi vinylparket og/eða flísar. Almennt á gólf húss komi flísar og/eða vinylparket.
Loftaklæðningar ýmist úr 13 mm gipsplötum sem málist eða hljóðdeyfiplötum úr viðarrimlum.
Klæðningar innanhúss eru minnst í Fl. 1.
Frágangur votrýma sé samkvæmt leiðbeiningarblöðum Nýsköpunarmiðstöðvar.

**Lagnir og loftræsing:**
Inntök hitaveitu og vatnsveitu eru í aflokuðu tæknirými utanhúss og frágengin samkvæmt reglugerð. Inntök rafmagns eru í geymslu húss og frágengin samkvæmt reglugerð.
Lagnir eru ekki sýnilegar, lagðar í lagnagrind útveggja, innveggi eða í gólf byggingar eftir aðstæðum.
Ísteypt gólfhitakerfi mun verða í húsinu með sér tengigrind í læstu tæknirými utanhúss.
Gólfniðurfall er í votrýmum húss; þ.e. á baðherbergi og geymslu frágengin samkvæmt reglugerð.
Frárennsli frá heitum potti tengist við frárennsli húss.
Gera skal ráðstafanir til að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð t.d. með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað og varmaskiptum sem tryggja að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastigi en 60°C.
Almennt er hús náttúrulega loftræst um opnanlega glugga. Vélræn loftræsing er frá baðherbergi og eldhúsi.
Raflagnakerfi verður hefðbundið, lagt í útveggi og innveggi eftir aðstæðum.
Lýsing verður að hluta innfelld í loft. Raflýsing utanhúss verður látlaus, óbein og glýjulaus með afskermuðum lömpum. Lýsingin verður lág og ýmist felld í stoð- /skjólveggi eða húsveggi en einnig í skyggni / úthangandi byggingahluta.
Frárennsli húss tengist við sameiginlegar rotþrær fyrir orlofsbyggðina.

**Lóð og umhverfi:**
Umhverfi hússins verður að mestu þakið núverandi mó-/ lyngtorfi og trjágróðri sem eru mishá birkitré.
Yfirborð bílastæða og gönguleiða að húsi verður frágengið með möl. Bílastæði ætlað hreyfihömluðum á svæðinu er sérmerkt.

Verönd við hús verður timburlögð með heitum potti með læstu öryggisloki. Hæð á heitum potti frá verönd skal ekki vera minni en 0,6 m. Heitur pottur skal vera með læstu öryggisloki.
Skjólveggur verður við verönd og klæddur sömu timburklæðningu og er á húsi. Hert öryggisgler er að hluta í skjólvegg.

Raflýsing utanhúss verður látlaus, óbein og glýjulaus með afskermuðum lömpum í samræmi við skilmála deiliskipulags. Lýsingin verður lág og ýmist felld í stoð- /skjólveggi eða húsveggi en einnig í skyggni / úthangandi byggingahluta.
Nýr gróður á lóð / svæðinu verður valinn í samræmi við núverandi gróður og staðsetningar s.s. vegna skugga og skjólmyndunar.

**Eldvarnir:**
Klæðningar innanhúss s.s. loft- og veggklæðningar verða minnst í Fl. 1.

Reykskynjarar skulu vera í almenningi húss og í svefnálmu. Einnig skulu vera reykskynjarar í geymslu og inntaksrými sem væru samtengdir reykskynjurum inni í húsi.

Handslökkvitæki skal vera í húsinu.

Björgunarop eru að lágmarki 0,6 x1,1 m og eru þau topphengd.

**Bílastæði:**
2 bílastæði eru í nánd við húsið og að auki eru sameiginleg bílastæði með öðrum frístundahúsum á svæðinu.

**U-gildi útreiknanlegra byggingarhluta:**

| | |
|---|---|
| Útveggir léttir timburveggir, | |
| 150mm einangrun: | 0.26 |
| Gluggar 1) | 1.60 |
| Hurðir | 1.90 |
| Létt þak timburþak | |
| 220mm einangrun. | 0.19 |
| Gólf á fyllingu (m. gólfhita) | |
| 133mm einangrun. | 0.25 |

1)
**U-gildi gluggaglerja:**

| | |
|---|---|
| - Fast gler: | 1.6 |
| - Opnanlegt fag: | 1.6 |

12mm gasfyllt bil.

**Orkurammi**
Heildarvarmatap á m² 1.97 W/m2°C

[Útreikningar á orkuramma eru sendir rafrænt í excel-skjali]

**Helstu stærðir**

| | |
|---|---|
| landnúmer: | L237810 |
| brúttóflötur | 106,1 m² br. |
| rúmmál | 387,4 m³ br. |
| rúmmál án botnflatar | 366,2 m³ br. |
| lóð: | 5012,0 m² |
| nýtingarhlutfall: | 0,03 |

| | | |
|---|---|---|
| | | D |
| | | C |
| | | B |
| | | A |
| Breyting: | Dags: | Nr: |

# VESTURTRÖÐ 14 - FRÍSTUNDAHÚS

- ORLOFSSVÆÐI VIÐ ÚLFLJÓTSVATN, GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

AÐALUPPDRÁTTUR

| Blaðstærð: | Hannað: | Teiknað: | Yfirfarið: | Dags: |
|---|---|---|---|---|
| A2 | GPK,JGÓ | JGÓ | DÓ | 9.9.24 |

**AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING SNIÐ, VARMATAPSÚTREIKNINGAR**

| Kvarði: | Teikning: | Breyting: |
|---|---|---|
| **1:100, 1:500** | **A01** | |

RÝMA arkitektar
stórhöfða 17, 110 reykjavík kt: 711003-2310
gunnar páll kristinsson arkitekt kt: 260665-3679
gunnarpall@ryma.is, s: 698 5665 www.ryma.is




| | | |
|---|---|---|
| | | D |
| | | C |
| | | B |
| | | A |
| Breyting: | Dags: | Nr: |

# VESTURTRÖÐ 14 - FRÍSTUNDAHÚS

- ORLOFSSVÆÐI VIÐ ÚLFLJÓTSVATN,
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

## AÐALUPPDRÁTTUR

| Blaðstærð: | Hannað: | Teiknað: | Yfirfarið: | Dags: |
|---|---|---|---|---|
| A2 | GPK,JGÓ | JGÓ | DÓ | 9.9.24 |

## GRUNNMYND

| Kvarði: | Teikning: | Breyting: |
|---|---|---|
| 1:100 | A02 | |


RÝMA arkitektar
stórhöfða 17, 110 reykjavík kt: 711003-2310
gunnar páll kristinsson arkitekt kt: 260665-3679
gunnarpall@ryma.is, s: 698 5665 www.ryma.is



ÚTLIT NORÐUR, 1:100



ÚTLIT AUSTUR, 1:100



ÚTLIT SUÐUR, 1:100



ÚTLIT VESTUR, 1:100

**SKÝRINGAR:**

| | | |
|---|---|---|
| | | D |
| | | C |
| | | B |
| | | A |
| Breyting: | Dags: | Nr: |

## VESTURTRÖÐ 14 - FRÍSTUNDAHÚS

- ORLOFSSVÆÐI VIÐ ÚLFLJÓTSVATN,
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

AÐALTEIKNINGAR

| Blaðstærð: | Hannað: | Teiknað: | Yfirfarið: | Dags: |
|---|---|---|---|---|
| A2 | GPK,JGÓ | JGÓ | DÓ | 9.9.24 |

**ÚTLIT**

| Kvarði: | Teikning: | Breyting: |
|---|---|---|
| **1:100** | **A03** | |


RÝMA arkitektar
Stórhöfða 17, 110 reykjavík
gunnar páll kristinsson arkitekt
gunnarpall@ryma.is, s: 698 5665
kt: 711003-2310
kt: 260665-3679
www.ryma.is

# Skráningartafla: Vesturtröð 14, Grímsnes- og Grafningshreppur.

Reikna

**Landeignanúmer:** L237810    Staðgreinir: ekki vitað
**Matshlutanúmer:** 01
**Fjöldi matshluta á landeign:** 1
**Skrásetjari:** Páll R Valdimarsson
**Kennitala:** 210363-2549
**Dags.:** 9.9.2024

Reikningi lokið

ATH. Að villutékka vinnublað í einingar áður en það er reiknað

| | | |
|---|---|---|
| Brúttóflötur: | 106,1 | m² |
| Brúttó rúmmál: | 387,4 | m² |
| Birt flatarmál: | 106,1 | m² |
| Skiptarúmmál: | 309,810 | m³ |

Leiðbeiningar

**Útgáfa: 5.03**

© 2023 Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

**Skráningartafla:** Vesturtröð 14, Grímsnes- og Grafningshreppur. **Skrásetjari:** Páll R Valdimarsson
**Landeignanúmer:** L237810 **Kennitala:** 210363-2549
**Matshlutanúmer:** 01 Útgáfa: 5.03 **Dags.:** 9.9.2024

| | Lóð m² | Botnplata: Botnplata m² | Botnplata m² | Hjúpfletir: Útveggir m² | Þar af: Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þar af: Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matshluti** | 5012,0 | 21,2 | 106,1 | 166,7 | 56,8 | 180,5 | | 6,0 | 51,0 |

| Yfirlit | D5 Botnflötur m² | D5M milliflötur m² | D7 op m² | D8 Brúttóflötur m² með V og F | D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F | D11 Brúttórúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 birt flatarmál m² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 106,1 | | | 106,1 | | 366,2 | 89,8 | 106,1 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | 39,1 | | | 39,1 | | | | |
| C rými | 68,9 | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | | | | | | | | |
| Botnplata | | | | | | 21,2 | | |
| Samtals: | **214,1** | **0,0** | **0,0** | **145,2** | **0,0** | **387,4** | **89,8** | **106,1** |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | **145,2** | **5.012,0** | **0,03** |

**Skráningartafla:** Vesturtröð 14, Grímsnes- og Grafningshreppur. **Skrásetjari:** Páll R Valdimarsson
**Landeignanúmer:** L237810 Prenta **Kennitala:** 210363-2549
**Matshlutanúmer:** 01 Útgáfa: 5.03 **Dags.:** 9.9.2024

**Uppskipting og lýsing** — **Stærðir**

| D0 | D1 | D2 | D3 | D4 | D5 | D5M | D6 | D7 | D8 | D9 | D10a | D10b | D11 | D12 | D13 | D14 | D15 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lokun | Rými hæð-röð | Notkun texti | Höfuð-flokkun | Eignar-hald | Botnflötur m² | Milliflötur m² | Stigar m² | Op m² | Brúttóflötur m² | Brúttóflötur sh < 1,8 | Salarhæð min | Salarhæð max | Brúttó rúmmál m³ | Nettóflötur m² | Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 106,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 106,1 | 0,0 | | | 387,4 | 89,8 | 106,1 | | 309,810 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 21,2 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 106,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 106,1 | 0,0 | | | 366,2 | 89,8 | 106,1 | | |
| A | 0101 | **frístundahús** | N | 0101 | 106,1 | | | | 106,1 | | 3,00 | 6,00 | 366,2 | 89,8 | 106,1 | 3,45 | 309,810 |
| B | 0102 | **timburverönd** | U | 0101 | 39,1 | | | | 39,1 | | 3,00 | 4,40 | 141,0 | | | | |
| C | 0103 | **verönd** | U | 0101 | 68,9 | | | | 68,9 | | | | | | | | |

**Athugasemdir**

Einangrun í þaki tekin með í min og max salarhæð
mál sem ekki eru á teikningu mæld í teikniforriti

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál: Séreign m³ án sameignar | Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **frístundahús** | 106,1 | 309,810 | 309,810 |
| | **Alls** | **106,1** | 309,810 | **309,810** |

| | Lóð m² | Botnplata: Botnplata m² | Botnplata m² | Hjúpfletir: Útveggir m² | Þar af: Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þar af: Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matshluti** | 5012,0 | 21,2 | 106,1 | 166,7 | 56,8 | 180,5 | | 6,0 | 51,0 |

| Yfirlit | D5 Botnflötur m² | D5M milliflötur m² | D7 op m² | D8 Brúttóflötur m² með V og F | D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F | D11 Brúttórúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 birt flatarmál m² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 106,1 | | | 106,1 | | 366,2 | 89,8 | 106,1 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | 39,1 | | | 39,1 | | | | |
| C rými | 68,9 | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | | | | | | | | |
| Botnplata | | | | | | 21,2 | | |
| Samtals: | **214,1** | **0,0** | **0,0** | **145,2** | **0,0** | **387,4** | **89,8** | **106,1** |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | **145,2** | **5.012,0** | **0,03** |

| Breyting: | Dags: | Nr: |
|---|---|---|
| | | D |
| | | C |
| | | B |
| | | A |

## VESTURTRÖÐ 14 - FRÍSTUNDAHÚS

- ORLOFSSVÆÐI VIÐ ÚLFLJÓTSVATN,
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

AÐALUPPDRÁTTUR

| Blaðstærð: | Hannað: | Teiknað: | Yfirfarið: | Dags: |
|---|---|---|---|---|
| A2 | GPK,JGÓ | JGÓ | DÓ | 9.9.24 |

**SKRÁNINGARTAFLA**

| Kvarði: | Teikning: | Breyting: |
|---|---|---|
| | **A04** | |

RÝMA arkitektar
stórhöfða 17, 110 reykjavík — kt: 711003-2310
gunnar páll kristinsson arkitekt — kt: 260665-3679
gunnarpall@ryma.is, s: 698 5665 — www.ryma.is